



Jakob Jakobsson (1937)

tæknifræðingur / engineer

Gengið að verki

Jakob Jakobsson hefur tekið ljósmyndir í hálföld. Helstu viðfangsefni hans hafa verið portrettmyndir, landslagsmyndir og myndir af fólki við byggingarstörf. Sýningin Gengið að verki fjallar einmitt um það síðastnefnda; svarthvítar myndir af byggingarstörfum. Ljósmyndirnar hafa ekki einungis mikið sögulegt gildi heldur eru teknar með næmu auga ljósmyndarans Jakobs sem vegna ævistarfs síns sem byggingatæknifræðingur hefur tekið þátt í mörgum stórum byggingaframkvæmdum og eru þar helstar Búrfellsvirkjun og Findhornbrúin í skosku hálöndunum.

Jakob horfir á byggingarstaðinn af sama sjónarhóli og hann skoðar heiminn og er sýn hans ákaflega mannleg. Hvort sem hann tekur

At work

Jakob Jakobsson has been taking photographs for 50 years. He has continually pursued themes such as portraiture, landscape and what he refers to as his 'people in construction photographs'. The exhibition At Work displays black and white pictures in the Construction theme. Not only are the photographs of great historical value but they are taken with the highly sensitive eye of the photographer. Being a civil engineer all his life has given him access to several major construction projects notably The Hydro Electric Power Station at Búrfell, Iceland, and Findhorn Bridge in the Scottish Highlands.

Jakob Jakobsson has brought his way of looking at the world to the construction site and produced photographs that are unique. He has

myndir úr nálægð eða úr fjarska leggur hann áherslu á fólk, sem er niðursokkið í verkleg störf. Á myndinni *Mælingamenn* sjáum við menn berjast við að reisa mælistikur í hávaðaróki. Á myndinni *Matseljur fylgjast með opnun skurðar* sjáum við þessa viðhafnarathöfn með augum kvennanna sem hafa eldað og borið fram mat fyrir byggingarverkamennina. Í myndum sínum leikur Jakob sér að mót-sagnakenndum stærðarhlutföllum, maðurinn verður oft örsmár við hlið risavaxinna mannvirkja en gegnir þó þýðingarmiklu hlutverki í heildarmyndinni. Á myndunum skapar landslagið nýja vídd í þessum leik að stærðum og hlutföllum, hinar víðáttumiklu eyðimerkur og miklu eldfjöll kallast á við risastærð mannvirkjanna.

chosen a distinctly human angle. Whether photographing the figure up close or from a great distance, people and their absorption in practical tasks is a central concern. In *Surveyors* they struggle to plant surveying poles in high winds. In *Canteen Staff Watching Canal Gate Opening* this official moment is viewed through the eyes of the women who have provided food for the construction workers. His compositions play with contrasting dynamics of scale ; man is often seen dwarfed by monumental structures, yet even here he holds a significant place within the overall picture. The landscape provides an added dimension to this play on relationships of size and scale, the vast deserts and great volcanoes echoing the monumentality of these manmade structures.